

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2013/EES/4/32

frá 30. júní 2008

um samráðsvettvang um vishönnun (*)

(2008/591/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB frá 6. júlí 2005 um ramma til að setja fram kröfur um vishönnun að því er varðar vörur sem nota orku og um breytingu á tilskipun ráðsins 92/42/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/57/EB og 2000/55/EB ⁽¹⁾, einkum 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB, skal framkvæmdastjórnin gæta að því í störfum sínum, að því er varðar hverja framkvæmdarráðstöfun, að jafnvægi sé í þátttöku aðildarríkjanna og hagsmunaaðila.
- 2) Í tilskipun 2005/32/EB er kveðið á um að þessir aðilar skuli hittast á samráðsvettvangi. Því er nauðsynlegt að skilgreina verkefni og uppbyggingu þessa samráðsvettvangs.
- 3) Samráðsvettvangurinn skal aðstoða framkvæmdastjórnina við að útbúa vinnuáætlun og taka þátt í að skilgreina og endurskoða framkvæmdarráðstafanir, kanna skilvirkni hefðbundinna markaðseftirlitskerfa og meta frjálsa samninga og aðrar sjálfseftirlitsráðstafanir.
- 4) Samráðsvettvangurinn skal skipaður fulltrúum aðildarríkjanna og þeim aðilum sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við viðkomandi vöru eða vöruflokk, s.s. úr atvinnulífi, þ.m.t. litlum og meðalstórum fyrirtækjum og handverksfyrirtækjum, stéttarfélögum, kaupmönnum, smásölum, innflytjendum, umhverfisverndarsamtökum og neytendasamtökum.

5) Kveðið skal á um reglur um birtingu aðila samráðsvettvangsins á upplýsingum, með fyrirvara um þær reglur um öryggi sem fylgja með í viðauka við starfsreglur framkvæmdastjórnarinnar í ákvörðun 2001/844/EB, KSE, KBE ⁽²⁾.

6) Vinna skal persónuupplýsingar um aðila samráðsvettvangsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ⁽³⁾.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Verkefni

Verkefni aðila samráðsvettvangsins um vishönnun, hér á eftir nefndur „vettvangurinn“, er að veita álit í tengslum við mótnun og breytingu á vinnuáætluninni sem um getur í 1. mgr. 15. gr. tilskipunar 2005/32/EB og að vera framkvæmdastjórninni til ráðgjafar um mál er varða framkvæmd tilskipunar 2005/32/EB, eins og kveðið er á um í 2. mgr. 16. gr., 18. gr. og 23. gr.

2. gr.

Samráð

Framkvæmdastjórninni er heimilt að hafa samráð við vettvanginn um hvaðeina sem lýtur að framkvæmd tilskipunar 2005/32/EB.

3. gr.

Aðild

1. Framkvæmdastjórnin skal skipa vettvanginn aðilum sem eiga hagsmuna að gæta í tengslum við viðkomandi vöru eða vöruflokk og hafa svarað auglýsingu um umsóknir.

2. Allt að 60 aðilar skulu skipa vettvanginn sem hér segir:

a) einn fulltrúi frá hverju aðildarríki,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 190, 18.7.2008, bls. 22. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2009 frá 4. desember 2009 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 11.3.2010, bls. 8.

(¹) Stjtið. ESB L 191, 22.7.2005, bls. 29. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2008/28/EB (Stjtið. ESB L 81, 20.3.2008, bls. 48).

(²) Stjtið. EB L 317, 3.12.2001, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2006/548/EB, KBE (Stjtið. EB L 215, 5.8.2006, bls. 38).

(³) Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.

- b) einn fulltrúi frá hverju aðildarríki Evrópska efnahags-svæðisins,
- c) allt að 30 fulltrúar hagsmunaaðila eins og um getur í 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB.
3. Hver aðili skal tilnefna einstakling, sem kemur fram fyrir hans hönd á fundum vettvangsins, á grundvelli hæfni hans og reynslu á því sviði sem fjallað er um.
4. Aðilar vettvangsins eru skipaðir til þriggja ára tímabils í senn, sem má endurnýja, og skulu halda embættinu þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað, í samræmi við 3. mgr., eða skipunartíma þeirra lýkur.
5. Aðila má leysa af hólmi til loka skipunartíma þeirra, í eftirfarandi tilvikum:
- a) þegar aðili segir af sér,
- b) þegar aðili er ekki lengur fær um að leggja sitt af mörkum til umræðna vettvangsins á skilvirknan hátt,
- c) þegar aðili fer ekki að 287. gr. sáttmálans.
6. Skrá yfir aðila og allar síðari breytingar á þeirri skrá, skal birta á vefsetrum stjórnarsviðs á sviði fyrirtækja og iðnstefnu og stjórnarsviðs orku- og flutningamála sem og í skrá framkvæmdastjórnarinnar yfir sérfræðihópa.

4. gr.

Starfsemi

1. Vettvangurinn skal vera undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar.
2. Heimilt er, með samþykki formanns, að setja á fót undirhópa til að skoða sérstök álitaeftir í samræmi við þær starfs-skyldur sem vettvangurinn ákveður. Slíkir undirhópar skulu leystir upp um leið og þeir ljúka þeim verkefnum sem umboð þeirra tekur til.
3. Formaður getur boðið sérfræðingum eða áheyrnarfulltrúum, með sérþekkingu á þeim málum sem eru á dagskrá, að taka þátt í umræðum vettvangsins eða undirhópsins ef það telst nauðsynlegt eða gagnlegt.

4. Ekki má skýra frá upplýsingum sem fást með þátttöku í umræðum vettvangsins eða undirhópa ef upplýsingarnar varða trúnaðarmál að áliti framkvæmdastjórnarinnar.

5. Vettvangurinn og undirhópar hans skulu allajafna halda fundi í húsnaði framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við málsmeðferð og áætlanir sem hún fastsetur. Framkvæmdastjórnin skal sjá fyrir skrifstofuþjónustu. Aðrir embættismenn stjórnarinnar, sem hafa áhuga á málsmeðferðinni, geta setið fundi vettvangsins og undirhópa hans.

6. Starfsreglur vettvangsins eru settar fram í viðaukanum.

7. Framkvæmdastjórnin getur birt eða sett á Netið samantektir, niðurstöður eða hlutaniðurstöður, eða vinnuskjöl vettvangsins, á upprunalegu tungumáli viðkomandi skjals.

5. gr.

Endurgreiðsla kostnaðar

Framkvæmdastjórnin skal endurgreiða ferðakostnað og, eftir því sem við á, dvalarkostnað fyrir einn fulltrúa frá hverju aðildarríki og tæknisérfræðinga, sem boðið er skv. 3. mgr. 4. gr. í tengslum við starfsemi vettvangsins, í samræmi við reglur framkvæmdastjórnarinnar um þóknun til utanaðkomandi sérfræðinga.

Aðilar vettvangsins, sérfræðingar og áheyrnarfulltrúar skulu ekki launaðir fyrir þau störf sem þeir leysa af hendi.

Þar til bær deild framkvæmdastjórnarinnar skal endurgreiða kostnað vegna fundahalda innan ramma árlegrar fjárveitingar til vettvangsins.

Gjört í Brussel 30. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Günter VERHEUGEN

varaforseti.

VIÐAUKI

Starfsreglur samráðsvettvangs um visthönnun

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun 2005/32/EB, einkum 18. gr.,

með hliðsjón af stöðluðum starfsreglum sem framkvæmdastjórnin hefur birt,

SAMÞYKKT EFTIRFARANDI STARFSREGLUR:

*1. gr.***Fundarboðun**

1. Formaður boðar til funda vettvangsins.
2. Boða má til sameiginlegra funda vettvangsins með öðrum hópum til að ræða mál á ábyrgðarsviði hvers um sig.

*2. gr.***Dagskrá fundar**

1. Formaður skal semja dagskrá fundarins og leggja hana fyrir vettvanginn.
2. Í dagskránni skal gera greinarmun á:
 - a) samráði hagsmunaðila vettvangsins um:
 - mótun og breytingu á vinnuáætluninni, í samræmi við 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2005/32/EB,
 - skilgreiningu og endurskoðun framkvæmdarráðstafana, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. og 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB,
 - könnun á skilvirkni hefðbundinna markaðseftirlitskerfa, í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB,
 - mat á frjálsum samningum og öðrum sjálfseftirlitsráðstöfunum, í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2005/32/EB,
 - mat á árangri tilskipunarinnar og framkvæmdarráðstafana hennar, mörk framkvæmdarráðstafana, markaðseftirlitskerfi og allar viðeigandi sjálfseftirlitsráðstafanir, í samræmi við 23. gr. tilskipunar 2005/32/EB,
 - b) öðrum málum sem lögð eru fyrir vettvanginn, til fróðleiks eða svo skiptast megi á skoðunum, annaðhvort að frumkvæði formanns eða með skriflegri beiðni fulltrúa vettvangsins með fyrirvara um samþykki formanns.
3. Vettvangurinn skal samþykkja dagskrána við upphaf fundar.

*3. gr.***Framsending skjala til aðila vettvangsins**

1. Eigi síðar en mánuði fyrir dagsetningu fundar skal formaður senda fundarboð, dagskrá fundarins og þau vinnuskjöl sem bera á undir hagsmunaðila vettvangsins, sem og öll önnur vinnuskjöl, til aðila vettvangsins í samræmi við 2. mgr. 12. gr.
2. Aðilar vettvangsins geta, eigi síðar en viku fyrir dagsetningu fundar, lagt viðbótarvinnuskjöl og skriflegar yfirlýsingar fyrir formanninn. Slík skjöl skulu gerð tiltæk aðilum vettvangsins við móttöku.

3. Í áriðandi tilvikum er formanni heimilt, að beiðni aðila vettvangsins eða að eigin frumkvæði, að stytta afhendingarfrestinn, sem um getur í 1. og 2. mgr., í fimm almanaksdaga fyrir dagsetningu fundar.

4. Formaður getur ákveðið að gera skjöl, sem eru upprunnin hjá og lögð fram af hagsmunaaðilum sem ekki eiga aðild, aðgengileg sem vinnuskjöl vettvangsins.

4. gr.

Álit vettvangsins

1. Formaður skal skrá þau álit sem fulltrúar aðildarríkjanna og hinir ýmsu hagsmunaaðilar vettvangsins láta í ljós.
2. Álit fulltrúa aðildarríkjanna og hagsmunaaðila geta einnig verið yfirlýsingar sem lagðar eru fram skriflega í samræmi við 3. gr.
3. Skriflegar viðbótaryfirlýsingar má leggja fram í kjölfar umræðna vettvangsins í allt að þrjár vikur að loknum fundi.
4. Ef nauðsyn krefur er heimilt að beita skriflegri málsmeðferð sem kveðið er á um í 8. gr.

5. gr.

Fyrirsvar

1. Til að tryggja að jafnvægi sé í þátttöku viðkomandi hagsmunaaðila, að því er varðar hvern vörflokk sem rætt er um, getur formaður boðið hagsmunaaðilum, sem ekki eiga aðild að vettvanginum, að ræða tiltekna dagskrárliði á vissum fundum.
2. Hver aðili að vettvanginum skal tilnefna einn einstakling til að koma fram fyrir sína hönd á fundum vettvangsins og tilkynna það formanni. Með heimild formanns, geta sérfræðingar fylgt tilnefndum fulltrúum á kostnað aðila. Aðilar skulu tilkynna formanni fyrir fram, eigi síðar en tveimur vikum fyrir dagsetningu fundar, um þá sérfræðinga sem þeir óska eftir að fylgi fulltrúum sínum. Andmæli formaður ekki þátttöku sérfræðingsins eigi síðar en viku fyrir dagsetningu fundar, telst heimildin veitt.
3. Aðila er heimilt að koma fram fyrir hönd annarra aðila. Sá aðili er veitir fyrirsvar skal fyrir fundinn færa formanni skriflega sönnur á samþykki aðilans er nýtur fyrirsvars.
4. Aðilar skulu tryggja að hagsmunaaðilar sem njóta fyrirsvars þeirra, séu upplýstir um umræður vettvangsins á viðeigandi hátt.
5. Aðilar skulu tryggja fullnægjandi samráð við þá hagsmunaaðila sem þeir veita fyrirsvar og taka afstöðu sem lýsir álitum þeirri.

6. gr.

Undirhópar

Formanni er heimilt að setja á fót undirhópa til að taka sérstök álitafni til meðferðar. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar fer með formennsku í undirhópunum. Undirhóparnir skili skýrslu til vettvangsins. Í þessu skyni er þeim heimilt að tilnefna skýrslugjafa.

7. gr.

Aðgangur þriðju aðila

Formaður getur ákveðið að bjóða þriðju aðilum að sitja fund og sérfræðingum að taka til máls um tiltekin efni.

8. gr.

Skrifleg málsmeðferð

1. Ef nauðsyn krefur er heimilt að beita skriflegri málsmeðferð til að skila álitum aðildarríkjanna og hagsmunaaðila vettvangsins. Í þessu skyni skal formaður senda aðilum vettvangsins þau vinnuskjöl sem leitað er álitum hjá aðildarríkjum og hagsmunaaðilum vettvangsins, í samræmi við 2. mgr. 12. gr. Frestur til að koma athugasemdum á framfæri má ekki vera skemmri en 14 almanaksdagar og ekki fara yfir einn mánuð.
2. Í áriðandi tilvikum skal fresturinn, sem kveðið er á um í 3. mgr. 3. gr., gilda.

9. gr.

Skrifstofa

Framkvæmdastjórnin skal láta vettvanginum í té skrifstofuaðstöðu.

10. gr.

Fundargerðir

1. Fundargerð hvers fundar skal samin undir forsjá formanns og skal einkum innhalda álit, sem látin eru í ljós á fundinum á vinnuskjölum, sem unnin hafa verið af þjónustudeild framkvæmdastjórnarinnar sem um getur í a-lið 2. mgr. 2. gr., og ef þörf er á álit um þau mál sem um getur í b-lið 2. mgr. 2. gr. Skrá yfir tilvísanir í viðeigandi skriflegar yfirlýsingar, sem lagðar eru fram skv. 4. gr., skal fylgja í sérstökum viðauka. Fundargerðir skal senda til aðila vettvangsins og til þeirra sem tóku þátt í fundinum og ekki eiga aðild, innan mánaðar.

2. Aðilar vettvangsins skulu innan tveggja vikna senda formanni þær athugasemdir sem þeir kunna að hafa við fundargerðina. Upplýsa skal vettvanginn um þessar athugasemdir. Sé uppi ágreiningur, skal vettvangurinn ræða breytinga-tillöguna. Sé ágreiningur áfram til staðar, skal breytingin fylgja í viðauka við fundargerðina.

11. gr.

Fundarseta

Á hverjum fundi skal formaður halda skrá yfir viðveru, sem tilgreinir nafn hvers þátttakanda, þá stofnun sem hann tilheyrir og, eftir því sem við á, þann hagsmunaaðila sem hann er fulltrúi fyrir.

12. gr.

Bréfaskipti

1. Bréf sem varða vettvanginn skal merkja formanni og senda til framkvæmdastjórnarinnar með rafrænum hætti.

2. Bréf til aðila vettvangsins skal senda þeim með rafrænum hætti. Aðilar skulu tilnefna tengilið sem senda skal bréf til og tilkynna formanni það skriflega.

13. gr.

Vernd persónuupplýsinga

Öll vinnsla persónuupplýsinga að því er varðar þessar starfsreglur skal vera í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001.
